



Alþingi
Erindi nr. P/127/2272
komudagur 24.6.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. júní 2002

Sam 215/2002 PS/sp
Tilv.: 215,1

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, 586. mál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 14. júní, var lagt fram bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 2. maí 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um óhreyfð skip í höfnum og skipsflök, 586. mál.

Stjórnin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar, en bendir á að Hafnasamband sveitarfélaga gekkst fyrir könnun á langlegu- og reiðileysissskipum í höfnum á Íslandi í desember árið 2000 og jafnframt vann vinnuhópur á vegum umhverfisráðuneytisins um förgun skipa skýrslu á árinu 1999, þar sem m.a. er gert grein fyrir fjölda þeirra skipa og báta sem liggja í reiðileysi við strendur landsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri